


Staða húsnæðisuppbyggingar í Grímsnes- og Grafningshreppi

HMS hefur lokið við árlega samantekt um niðurstöður húsnæðisáætlana sveitarfélaga árið 2025. Í samantektinni er áætluð íbúðapörf hvers sveitarfélags borin saman við áætlaða lóðaúthlutun, íbúðauppbýggingu og fólksfjölgun.

Samkvæmt samantektinni metur HMS að íbúðauppbýgging í Grímsnes- og Grafningshreppi hafi verið minni en ný íbúðapörf sem myndaðist árið 2025. Ef litið er til áranna 2023-2025 hafa 31 íbúðir verið byggðar í sveitarfélaginu á meðan þörf hefur myndast fyrir 72-85 íbúðir. HMS metur því að ekki hafi verið byggt í samræmi við íbúðapörf á árunum 2023-2025. Sjá má uppbýggingu í takt við mat HMS á íbúðapörf á mynd hér að neðan.

Fjöldun íbúða samanborið við íbúðapörf



Úthlutun lóða

Í húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps voru tilgreindar byggingarhæfar lóðir fyrir 45 íbúðir árið 2026. Grímsnes- og Grafningshreppur gerir ráð fyrir að ný íbúðapörf á hverju ári muni nema 14 til 16 íbúðum á tímabilinu 2026-2035 í miðspá sinni. Því hefur sveitarfélagið útvegað nægilega margar byggingarhæfar lóðir til þess að mæta íbúðapörf samkvæmt eigin mati.

HMS mun funda með sveitarstjórnnum um húsnæðis- og skipulagsmál í ár

Skipulagsmál voru flutt til HMS í mars síðastliðnum sem ber nú heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Markmið stjórnvalda með sameiningunni er að efla getu hins opinbera í skipulags- og húsnæðismálum, en allur ferill húsnæðisuppbyggingar og manngerðs umhverfis er nú á höndum einnar stofnunar.

Markmið sameinaðrar stofnunar HMS er að geta betur stutt við sveitarfélög þannig að þau geti skipulagt íbúðabyggð og annað manngert umhverfi í takt við landskipulags- og húsnæðisstefnu stjórnvalda.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum standa nýkjörnar sveitastjórnir frammi fyrir mörgum verkefnum og snýr hluti þeirra að húsnæðis- og skipulagsmálum. HMS er reiðubúið til að aðstoða sveitarfélögin eftir fremsta megni á þeim málefnasviðum sem stofnunin kemur að og vill vekja athygli á að eftir kosningar er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir meti stöðu gildandi aðalskipulags og svæðisskipulags.

Í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að sveitarstjórn meti að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins.

Í 26. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að eftir sveitarstjórnarkosningum skuli svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins. Skal ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt HMS jafnskjótt og hún liggur fyrir.

Í kjölfar komandi sveitarstjórnarkosninga hyggst HMS halda fundi með nýjum sveitarstjórnnum um land allt til þess að ræða áskoranir í húsnæðis- og skipulagsmálum í þessu samhengi.

HMS mun einnig senda áskoranir á nýjar sveitarstjórnir í ljósi íbúafjölgunar síðustu ára og með hliðsjón af núgildandi landskipulagsstefnu og húsnæðisstefnu.